

Vestmannaeyjabær - Ráðhús Vestmannaeyjabæjar
Kirkjuvegi 50 Pósthólf 60
900 VESTMANNAEYJAR

Garðabær, 16. nóvember 2023
Málsnúmer: 202310-0041
LA

Efni: Umsögn um skipulags- og matslýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi og nýju deiliskipulagi vegna íbúðabygðar á Löngulág, Vestmannaeyjum

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsgáttinni, dags. 27. október 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulags- og matslýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi og nýju deiliskipulagi miðlægrar íbúðabygðar á svo kallaðri Löngulág í Vestmannaeyjum.

Breytingarnar felast í breyttum skipulagsmörkum, fjölgun íbúða úr 40 í 100, hækkun á hámarkshæð byggðar úr tveimur hæðum í allt að fjórar og nýr leiksskóli. Skipulagssvæðið á Löngulág er mjög miðsvæðis í Vestmannaeyjabæ, í nálægð Landakirkju og Framhaldsskólans.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir lýsinguna. Svæðið Löngulág er í dag manngert svæði og með hliðsjón af hlutverki Náttúrufræðistofnunar gerir stofnunin ekki athugasemdir við skipulagsbreytinguna.

Virðingarfyllt,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið

